



Uppgjör Landsbankans

janúar – september 2013



21. nóvember 2013

Fréttatilkynning vegna níu mánaða uppgjörs Landsbankinn hagnast um 22,3 milljarða króna á fyrstu níu mánuðum ársins 2013

Afkoma Landsbankans var jákvæð um 22,3 milljarða króna eftir skatta fyrstu níu mánuði ársins 2013. Hagnaður á sama tímabili árið 2012 nam 13,5 milljörðum króna. Þessi breyting skýrist einkanlega af hækkun annarra rekstrartekna, lækkun kostnaðar, af hækkandi virði hluta- og skuldabréfa, af virðisbreytingu lána og hærri þjónustutekjum.

Steinþór Pálsson, bankastjóri segir: „Rekstur og arðsemi bankans er með ágætum, jákvæð þróun bæði í tekjum og kostnaði og fjárhagsstaðan er traust. Eiginfjárhlutfallið er vel umfram kröfur eftirlitsaðila sem og lausafjárstaða bankans, bæði í erlendri mynt og íslenskum krónum. Mikill árangur hefur náðst í lækkun rekstrarkostnaðar og að teknu tilliti til verðbólgu er raunlækkun rekstrarkostnaðar 9,4% á fyrstu níu mánuðum ársins. Þetta er betri árangur en áætlanir okkar gerðu ráð fyrir.“

Um verkefni framundan segir Steinþór: „Við munum halda áfram á sömu braut, draga úr áhættu og draga úr kostnaði en á sama tíma vinna að því að bæta stöðugt þjónustuna við viðskiptavinum. Slitastjórn LBI hf. hefur samþykkt viðræður um breytingar á skilmálum skuldabréfanna sem Landsbankinn gaf út til LBI hf. Niðurstöður þessara viðræðna geta skipt miklu um afnám fjármagnshaftanna og eru eitt mikilverðasta verkefni bankans sem stendur. Áfram er unnið að leiðréttingu á endurútreikningi lána með ólögmeta gengistryggingu og ljóst að brátt fer það verkefni að klárast.“

Helstu stærðir úr rekstri og efnahag

- » Hagnaður Landsbankans nam 22,3 milljörðum króna eftir skatta á fyrstu níu mánuðum ársins 2013, samanborið við 13,5 milljarða króna á sama tíma á árinu 2012. Hagnaður bankans hefur aukist um 65% milli ára.
- » Hagnaður þriðja ársfjórðungs er um 6,8 milljarðar króna og er það ögn lakari afkoma en á fyrri ársfjórðungum 2013. Ekki hafa verið miklar sveiflur í rekstri bankans á árinu.
- » Hreinar vaxtatekjur námu 24,3 milljörðum króna á fyrstu níu mánuðum ársins í samanburði við 26,4 milljarða króna á sama tímabili árið 2012.
- » Vaxtamunur í hlutfalli af meðalstöðu heildareigna lækkar, var 2,9% á fyrstu níu mánuðum ársins en 3,2% á sama tímabili árið 2012.
- » Hreinar þjónustutekjur námu 4,1 milljörðum króna og hafa aukist um tæplega 1 milljarð frá sama tímabili árið áður, eða um 32%.
- » Mikill árangur hefur náðst við lækkun rekstrarkostnaðar í samræmi við markmið bankans. Almenn rekstrargjöld lækka um 10% og laun og tengd gjöld um 6% milli ára, en sú lækkun er að frádreginni gjaldfærslu launa vegna móttöku hlutabréfa frá LBI hf. þar sem sama fjárhæð er einnig færð til tekna í bókhaldi bankans.
- » Að teknu tilliti til verðbólgu hefur raunlækkun rekstrarkostnaðar milli ára verið 9,4%.
- » Kostnaðarhlutfall lækkar einnig, í 42,3% samanborið við 48% á sama tíma í fyrra. Markmið bankans fyrir árið 2013 er að það sé undir 50%.
- » Stöðugildi 30. september voru 1.179 og hefur þeim fækkað um 54 frá áramótum.
- » Eigið fé bankans nam í lok september um 234,7 milljörðum króna og hefur það hækkað um 4% frá síðastliðnum áramótum þrátt fyrir 10 milljarða króna arðgreiðslu til eigenda bankans á árinu.
- » Eiginfjárlutfall bankans (CAR – Capital Adequacy Ratio) er vel umfram kröfur Fjármálaeftirlitsins. Það er nú 26,2% en var 24,1% í lok september 2012.
- » Arðsemi eigin fjár eftir skatta hækkaði þrátt fyrir hækkun eigin fjár. Á fyrstu níu mánuðum ársins 2013 var arðsemin 12,9% samanborið við 8,6% á sama tíma árið áður.
- » Heildareignir bankans námu 1.158 milljörðum í lok september. Aukningin er um 7% á árinu og skýrist helst af hækkun innlána og lausafjáreigna. Bankinn hefur lánað yfir 101 milljarða króna á tímabilinu en vegna afborgana og fleiri þátta aukast heildarútlán einungis um 5,3 milljarða.
- » Innlán viðskiptavina hafa aukist um 11% frá áramótum eða um 44,7 milljarða.
- » Lausafjárstaða bankans er sterk, bæði í erlendri mynt og í íslenskum krónum. Lausafjárlutfallið var 48,0% í lok september en var 45% á sama tíma árið áður.
- » Gjaldeyrisjöfnuður bankans er í góðu horfi og eignir í erlendri mynt eru um 12,4 milljarðar króna umfram skuldir í erlendri mynt.
- » Eignir til sölu standa í stað á árinu, þrátt fyrir að bankinn hafi eignast Ístak nýverið. Fyrirtækið hefur nú verið auglýst til sölu.
- » Heildarvanskil hjá fyrirtækjum og heimilum stóðu í 6,2% í lok september 2013, og hafa farið lakkandi á árinu. Markmið bankans er að ná vanskilunum undir 5% í árslok.

	9m 2013	9m 2012	2012	2011
Hagnaður eftir skatta	22.276	13.541	25.494	16.957
Arðsemi eigin fjár	12,9%	8,6%	12,0%	8,4%
Vaxtamunur / heildareignir	2,9%	3,2%	3,2%	2,9%
Kostnaðarlutfall *	42,3%	48,0%	45,0%	40,6%
Raunlækkun/hækkun rekstrarkostnaðar	-9,4%	10,8%	4,9%	13,3%
Stöðugildi	1.179	1.269	1.233	1.311
Heildareignir	1.158.154	1.056.825	1.084.787	1.135.482
Útlán til viðskiptavina	671.378	657.050	666.087	639.130
Innlán frá viðskiptavinum	465.742	439.853	421.058	443.590
Eiginfjárlutfall (CAR)	26,2%	24,1%	25,1%	21,4%
Lausafjárlutfall	48,0%	45,0%	48,4%	42,9%
Gjaldeyrisjöfnuður	12.434	37.824	-20.035	20.034
Vanskilahlutfall (>90 daga)	6,2%	9,2%	8,3%	13,9%

*Kostnaðarlutfall = Rekstrargjöld alls að frátalinni gjaldfærslu vegna hlutabréfatengdra launaliða / (Hreinar rekstrartekjur - virðisbreytingar útlána)

Helstu þættir í rekstri á árinu

- » Landsbankinn gaf út skuldabréf til LBI hf. í apríl að andvirði 92 milljarða króna en um leið lét LBI af hendi öll hlutabréf sín í bankanum til ríkisins og Landsbankans. Með þessu lauk uppgjöri við LBI og mikilvægum áfanga í uppbyggingu bankans var náð.
- » Nýtt bankaráð tók til starfa að loknum aðalfundi í apríl. Formaður þess er Tryggvi Pálsson.
- » Landsbankinn lauk í júní fyrstu útgáfu sinni á sértryggðum skuldabréfum og eru bréfin óverðtryggð með föstum 6,3% vöxtum til þriggja ára. Samhliða útgáfunni lækkaði Landsbankinn kjör á óverðtryggðum íbúðalánunum.
- » Landsbankinn seldi 25% eignarhlut í fasteignafélaginu Reginn hf. í júní fyrir rúma 4 milljarða króna, en bankinn hafði á árinu 2012 selt 75% í félaginu við skráningu þess í kauphöll.
- » Landsbankinn eignaðist í september allt hlutafé í verktakafyrirtækinu Ístaki, sem áður var dótturfélag danska verktakafyrirtækisins E. Phil&Søn A/S, en það var lýst gjaldþrota í ágúst. Sala fyrirtækisins hefur nú þegar verið auglýst.
- » Samkomulag náðist um dreifingu hlutabréfa í bankanum til starfsmanna samkvæmt samningi sem gerður var milli LBI hf., fjármálaráðuneytisins og Landsbankans haustið 2009.
- » Sértryggð skuldabréf Landsbankans voru tekin til viðskipta á NASDAQ OMX Iceland þann 10. október, en þetta er í fyrstu verðbréfin sem bankinn skráir á markað. Straumur fjárfestingarbanki hf. annast viðskiptavakt á bréfunum.
- » Landsbankinn greiddi út arð í fyrsta skipti til eigenda sinna. Arðgreiðslan var í samræmi við samþykkt aðalfundar Landsbankans hf. 17. apríl og nam 39% af hagnaði síðasta árs eða tæplega 10 milljörðum króna. Arðgreiðslan kom til lækkunar á eigin fé á öðrum ársfjórðungi.
- » Reykjavíkurborg veitti í ár Landsbankanum samgönguviðurkenningu borgarinnar en bankinn þótti hafa skarað fram úr í hópi stórra fyrirtækja við innleiðingu vistvænna samgangna.

Helstu verkefni framundan

Leiðrétting ólögmetra gengistryggðra lána

Landsbankinn vinnur jafnt og þétt að leiðréttingu lána með ólögmetra gengistryggingu og áætlað er að leiðréttingu megin þorra þeirra lána, sem bankinn telur ljóst að falli undir núverandi dómafordæmi, verði lokið um áramótin. Nokkur álitamál bíða enn dómsuppkvaðningar.

Samningur við LBI

Landsbankinn hf. skuldar LBI hf., 298 milljarða króna í erlendri mynt miðað við stöðu í lok september 2013. Á öðrum ársfjórðungi 2012 greiddi Landsbankinn fyrirfram fyrstu fimm gjalddaga skuldabréfa sem bankinn hafði gefið út til LBI hf. og er næsti gjalddagi á árinu 2014. Miðað við núverandi skilmála bréfanna þá er lokagjalddagi þeirra árið 2018. Bankinn hefur safnað töluverðu lausafé í erlendri mynt og getur reitt fram sambærilega fyrirframgreiðslu og á árinu 2012 en engu að síður mætt á sama tíma stífum kröfum Seðlabankans um lausafjárstöðu í erlendri mynt.

Þó fjárhagsstaða Landsbankans sé traust og lausafjárstaðan sterk býr bankinn þó enn við óvissu vegna umræddra skulda í erlendri mynt og aðstæðna á erlendum lánamörkuðum. Landsbankinn mun þurfa að endurfjármagna erlendar skuldir sínar fyrir árið 2016 og hefur leitað eftir viðræðum við LBI um breytingar á greiðsluskilmálum ofangreindra skuldabréfa. Slitastjórn LBI hf. samþykkti í október að taka upp viðræður um breytingar á skulda-bréfunum.

Nýjungar í útibúi Landsbankans

Fyrir dyrum standa viðamiklar breytingar á útibúi Landsbankans við Hagatorg í Vesturbæ Reykjavíkur. Seinni hluta nóvembermánaðar mun opnast þar fyrsta útibú sinnar tegundar á Íslandi. Þær breytingar sem gerðar verða eru mikilvægt skref á leið bankans til að þróa starfsemi og laga hana að nýjum tímum. Markmið breytinganna er umfram allt að gera þjónustu bankans sveigjanlegri og persónulegri, aðgengi að starfsfólki betra og bankaviðskipti hagkvæmari. Sýnilegasta breytingin verður þó sú að meðhöndlun reiðufjár verður með öðrum hætti en nú þekkest, þá hverfa hefðbundin afgreiðsluborð og gjaldkerastúkur af sjónarsviðinu og sjálfvirkni í afgreiðslu eykst verulega, m.a. með nýrri kynslóð hraðbanka sem leysa af hólmi gjaldkera við almenn bankaviðskipti. Útibúið í Vesturbæ er þróunarverkefni.